

LEIÐBEININGAR OG UPPLÝSINGAR
FYRIR STARFSFÓLK UM

hvernig skal bregðast við spurningum um **trans fólk** í kyngreindum rýmum

GUIDELINES AND INFORMATION
FOR STAFF ON

how to react to and answer questions about **trans people** in gender- segregated spaces



Í þessum bæklingi er farið yfir ýmis viðbrögð og svör við fyrirspurnum og kvörtunum um að trans fólk noti kyngreind rými, eins og búningaklefum og salernum. Bæklingurinn er ætlaður starfsfólki íþróttamannvirkja, en getur einnig nýst öðrum.

Ef starfsfólk lendir í því að fá til sín slíka kvörtun eða fyrirspurn getur verið erfitt að vera með svörin á reiðum höndum, enda er þetta málefni sem fáir þekkja vel. Á næstu síðu eru útskýringar á hugtökum sem eru notuð í bæklingnum. Þar á eftir eru nokkur dæmi um fyrirspurnir og viðbrögð sem hafa komið upp í tengslum við trans fólk í kyngreindum rýmum. Vonandi hjálpa þessar upplýsingar starfsfólki að tækla slík atvik, en það er mikilvægt að starfsfólk viti að það getur beint fyrirspurnum og kvörtunum til yfirmanna, beðið fólk um að senda þær í gegnum tölvupóst, eða einfaldlega tekið sér umhugsunarfrest. **Með öðrum orðum: Þið þurfið ekki að vera með öll svörin á staðnum.**

Þegar fyrirspurnir eða kvartanir um trans fólk í kyngreindum rýmum koma inn á borð starfsmanns þarf hann að meta aðstæður og hvort og þá hvernig hann eigi að bregðast við. Ef fyrirspurn/kvörtun berst t.d. í gegnum tölvupóst má styðjast við **Svarbréfið** sem er að finna á blaðsíðu 12 í þessum bæklingi. Ef fyrirspurn/kvörtun berst eftir að viðkomandi hefur lokið sinni sundferð eða æfingu er mögulegt að þakka fyrir ábendinguna og taka hana til skoðunar með yfirmanni eða samstarfsfólki og svara síðar.

Hins vegar ef aðstæður eru þannig að þú vilt eða þarft að veita viðbrögð strax má fylgja leiðbeiningum í samskiptum sem eru að finna á blaðsíðu 6. Dæmin sem eru tekin geta einnig átt við um intersex fólk, þ.e. fólk með ódæmigerð kyneinkenni.



This pamphlet details various reactions and answers to questions and complaints about trans people in gendered spaces, such as changing rooms and toilets.

It can be difficult for staff to have all of the answers on hand if and when they receive these types of questions or complaints, as this is a subject that few people know well. Concepts that are used in this pamphlet are explained on the next page. On page 6, there are some examples of questions and reactions that have come up in connection to trans people using gender-segregated spaces. Hopefully, this information will help staff tackle issues that may come up; however, it is important to note that you can always refer questions and comments to your supervisors, ask people to send them via email, or simply tell those complaining that you need time to think things through. ***In other words: you don't have to answer on the spot.***

When staff receive complaints or questions about trans people in gender-segregated spaces, they must assess the situation and decide whether and how they should respond. If you receive a complaint or inquiry through email, you can use the ***Response*** on page 13 to guide your answer. If someone complains or inquires without needing an immediate answer, you could thank them for their comments and review it with your supervisor or co-workers and respond to them later.

However, if the situation calls for reactions and answers straight away, you can read through and follow the examples and guidelines on how to react to various questions and complaints on page 6. The guidelines in this brochure may also apply to intersex people, who are people born with atypical sex characteristics.

Hugtakalisti

Intersex

Regnhlífarheiti yfir fólk sem fæðist með ódæmigerð kyneinkenni og falla því ekki inn í hefðbundnar flokkanir á karlkyni og kvenkyni.

Kyneinkenni

Líkamleg einkenni á borð við litninga, kynfæri, æxlunarfæri, kynkirtla og hormónastarfsemi. Einnig brjóstavöxtur, hárvöxtur o.fl.

Kyngreind rými

Er svæði sem er merkt fyrir ákveðið kyn, t.d. kvennaklefi, karlklósett.

Kynstaðfesting

Ferli sem fólk undirgengst til að samræma kyn sitt við kynvitund. Getur falið í sér innntóka hormóna, skurðaðgerðir, læknisfræðileg inngrip o.fl.

Kvár & kynsegin

Kvár eru einstaklingar sem eru hvorki karlar né konur. Þau geta upplifað kyn sitt sem flæðandi, sem blöndu, eða algjörlega fyrir utan kynjatvíhyggjuna. Sum kvár fara í gegnum kynstaðfestandi ferli, önnur ekki. Mörg kvár nota kynhlutlaust fornafn, t.d. hán. Orðið kynsegin er notað á sama hátt og kvár, en er líka notað sem regnhlífarhugtak yfir alla hópa fólks sem eru ekki karlar eða konur, sbr. kynsegin fólk.

Kynskráning

Opinber skráning á kyni hjá Þjóðskrá. Þ.e. hvort einstaklingur er skráður sem karl, kona eða kvár. Hægt er að sækja um breytingu á kynskráningu á vef Þjóðskrár og getur fólk breytt nafni sínu um leið.

Glossary

Intersex

People born with atypical sex characteristics, and can't be categorised into a binary definitions of male and female.

Sex characteristics

Physical characteristics such as genitals, chromosomes, sex organs and hormone function. Also breast development, hair growth etc.

Gendered space

An area intended/labelled for a particular gender, e.g. men's toilet, women's changing room.

Transitioning

A process that some trans people undergo in order to align themselves with their gender identity. This can include taking hormones and having gender affirming surgeries and interventions.

Non-binary

People who are neither men or women. Non-binary people can recognise themselves as fluid, as both, or neither. Some non-binary people medically transition and some use gender-neutral pronouns, e.g. the singular they.

Gender marker

People in Iceland can officially change their gender marker and name in Iceland and be registered as male, female or non-binary. This can be done online via Registers Iceland.

Kynvitund

Innri upplifun fólks af sínu kyni, þ.e. sem konu, karl eða kvár.

Ókyngreind rými

Er svæði sem er ýmist merkt fyrir öll kyn eða ekki merkt ákveðnu kyni og þar með hugsað fyrir öll kyn.

Sérklefi

Klefar í sundlaugum og víðar sem þjóna m.a. sumu fötluðu fólki og sumu trans fólki. Sérklefi veitir þeim sem þurfa aukið aðgengi og næði. Engum er skylt að nota sérklefa.

Sis/sís-kynja

Fólk með kynvitund sem samræmist kyninu sem því var úthlutað við fæðingu. Öfugt við að vera trans.

Trans

Regnhlífarhugtak yfir fólk með kynvitund sem samræmist ekki úthlutaðu kyni. Þar undir eru trans karlar, trans konur og kvár.

Trans karl/strákur

Karl/strákur sem fékk úthlutað kvenkyni við fæðingu, en er með kynvitund karls. Sumir trans karlar undirgangast kynstaðfestandi aðgerðir, aðrir ekki.

Trans kona/stelpa

Kona sem fékk úthlutað karlkyni við fæðingu, en er með kynvitund konu. Sumar trans konur undirgangast kynstaðfestandi aðgerðir, aðrar ekki.

Gender identity

A person's inner experience of their own gender, i.e. whether a person identifies as a man, woman or non-binary.

Gender-neutral space

An area either labelled for all genders or not labelled and therefore intended for all genders.

Private changing room

Intended for those who need/want better access or privacy, e.g. some disabled people and some trans people. No one is obligated to use them.

Cis/cisgender

People whose gender identity matches their assigned gender at birth. Opposite of being trans.

Trans/transgender

People whose gender identity does not match their assigned gender at birth. This includes trans men, trans women, and non-binary people.

Trans man/boy

A man who was assigned female at birth, and he recognises himself to as a man. Some trans men undergo gender affirming surgeries; others do not.

Trans woman/girl

A woman who was assigned male at birth, and she recognises herself as a woman. Some trans women undergo gender affirming surgeries; others do not.

LEIÐBEININGAR Í SAMSKIPTUM VEGNA FYRIRSPURNA UM TRANS FÓLK Í KYNGREINDUM RÝMUM

#1

fáðu útskýringu á aðstæðum og settu í rétt samhengi

Það er mikilvægt að fá úr því skorið hvort verið sé að kvarta undan ákveðinni hegðun sem þykir óviðeigandi óháð því hver á í hlut, eða hvort verið sé að kvarta undan því að trans manneskja sé í klefanum.

Gestur:

„Það er karlmaður í kvennaklefanum.“

Starfsfólk:

„Getur verið að þetta sé trans kona sem hefur ekki undirgengist kynstaðfestandi aðgerð?“

Gestur:

„Ég veit ekkert um það, þetta er bara karlmaður.“

Starfsfólk:

„Var viðkomandi að sýna einhverja óviðeigandi hegðun?“

Gestur:

„Nei hann var bara í sturtu.“

Starfsfólk:

„Var viðkomandi ógnandi?“

Gestur:

„Nei hann var ekki að gera neitt.“

GUIDELINES ON HOW TO REACT TO QUESTIONS AND COMPLAINTS ABOUT TRANS PEOPLE IN GENDER-SEGREGATED SPACES

#1

ask for an explanation about the situation and put it into context

It is important to realise whether someone is complaining about inappropriate behaviour, regardless of who the person is, or whether someone is complaining about a trans person being present.

Guest:

“There is a man in the women’s changing room.”

Staff:

“Could it have been a trans woman who has not undergone gender affirming surgery?”

Guest:

“I don’t know anything about that, there is a man in there.”

Staff:

“Was this person behaving inappropriately?”

Guest:

“No, he was just having a shower.”

Staff:

“Was this person threatening?”

Guest:

“No, he wasn’t doing anything.”

#2

útskýrðu réttarstöðuna (lögin) sem við byggjum á

Það er mikilvægt að vera skýr og halda sér við útskýringar og svör sem byggjast á lögum og reglum en ekki fjalla um hugmyndafræði eða persónulega sýn.

Gestur:

„Og má hann bara vera í kvennaklefanum, ég er með börn með mér.“

Starfsfólk:

„Trans konur njóta sömu réttinda og aðrar konur, þær mega nota kvennaklefan. Það eru lög sem kveða á um réttindi trans fólks (lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði).“

Gestur:

„Þarf hann ekki að fara í kynskipti til þess að vera í kvennaklefanum?“

Starfsfólk:

„Trans fólk er ekki skylt að undirgangast kynstaðfestandi aðgerð til að njóta réttinda í samræmi við kynvitund.“

#2

explain the person's rights (and legal situation if needed)

It is important to be clear and stick to explanations and answers based on laws and regulations, rather than entering discussions about ideology or personal opinions.

Guest:

“So can he just stay in the women's changing room? I have my children with me.”

Staff:

“Trans women have the same rights as other women, they can use the women's changing room. There are laws about trans people's rights (the Gender Autonomy Act no. 80/2019).”

Guest:

“But doesn't he have to have a sex change to be in the women's changing room?”

Staff:

“Trans people do not have to have gender affirming procedures in order to use gendered spaces that match their gender identity.”

#3

ef sérklefarnir koma til tals skaltu vera skýr um að þeir séu í boði, en ekki skylda fyrir trans fólk

Það má vel vera að gestum sem þykir óþægilegt að vera í kyngreindum klefum með trans fólkni kunni að vilja nota sérklefann.

Gestur:

„Til hvers eru sérklefarnir? Á trans fólk ekki að fara þangað í staðinn fyrir að nota karla eða kvennaklefa?“

Starfsfólk:

„Sérklefarnir eru notaðir af fjölbreyttum hópi fólks, en engum er skylt að nota þá. Við neyðum enga til að fara í þá og trans fólk notar þá eftir þörfum.“

Gestur:

„Og er þá ekkert hægt að gera, má vera karl í kvennaklefanum og ég á að sætta mig við það? Mér finnst þetta verulega óþægilegt.“

Starfsfólk:

„Við viljum að öllum líði vel hér. Við hleypum ekki körlum í kvennaklefanum, og trans konur mega nota hann eins og aðrar konur. Við skiljum að sumum kann að þykja þetta óþægilegt og er sérklefinn alltaf í boði fyrir það fólk.“

#3

be clear that private changing rooms are an option for trans people but that no one is obligated to use them

Guests who are uncomfortable being in gendered spaces with trans people may wish to use the private changing rooms.

Guest:

“What is the private changing room for? Shouldn't trans people use it instead of the gendered changing rooms?”

Staff:

“Private changing rooms are used by all kinds of people, but no one is forced to use them. Trans people use them if they want to.”

Guest:

“So nothing can be done, a man can just be in the women's changing room and I have to put up with that? It makes me very uncomfortable.”

Staff:

“We want everyone to be comfortable. We don't allow men in the women's changing room, and trans women can use them like other women. People who are uncomfortable with this can always use the private changing rooms.”

#4

vertu skýr um að ofbeldi sé ekki liðið og að það sé ekki fylgni milli aðgengis trans fólks og ofbeldis í garð síis kvenna og barna

Það er mikilvægt að tækla mýtur sem tengja ofbeldi í garð síis kvenna við aðgengi trans fólks að kyngreindum rýmum. Ofbeldi eykst ekki með auknu aðgengi trans kvenna að kvennarýmum. Trans fólk ber ekki ábyrgð á ofbeldi sem annað fólk kann að beita.

Gestur:

„En þetta getur verið hættulegt, ef karlar fara að stunda það að mæta í kvennaklefanum, segjast bara vera trans.“

Starfsfólk:

„Það er ekkert sem bendir til þess að það fylgi því hætta að leyfa trans fólki að nota kyngreinda klefa, þau hafa gert það í áraraðir. Lög og reglur sem leyfa trans fólki að nota klefa í takti við kynvitund þeirra leyfa ekki kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Það er og mun áfram vera ólöglegt fyrir allt fólk, alls staðar. Það þekkest ekki að fólk þykist vera trans til þess að komast í kyngreinda klefa og það hefur ekki haft þau áhrif að ofbeldi aukist ef trans fólk notar kyngreinda klefa.“

Gestur:

„En mér finnst ég bara ekki örugg í klefanum.“

Starfsfólk:

„Ef þér finnst þú óörugg þá skulum við skoða hvernig hægt sé að bæta úr því, en við munum þó ekki gera það með því að útiloka trans fólk.“

#4

be clear that we do not condone violence, and that there is no connection between trans people in changing rooms and violence towards cisgender women and children

It is important to tackle myths connecting violence against women with trans people in gendered spaces. Violence does not increase when trans women gain access to women's spaces, and trans people are not responsible for violence that others may commit.

Guest:

“But this could be dangerous, if men start going to the women's changing room, pretending to be trans.”

Staff:

“There is no evidence showing risks associated with trans people using gender-segregated spaces, they have been using them for years. Laws and regulations that allow trans people to use spaces in accordance with their gender identity do not allow sexual harassment or violence. That is and will continue to be illegal for everyone, everywhere. We don't have knowledge of people pretending to be trans to enter gendered spaces, and violence against cis people does not increase if trans people use gendered facilities.”

Guest:

“But I just don't feel safe in the changing room.”

Staff:

“If you feel unsafe, then we need to address that, but we will not do that by excluding trans people.”

#5

ekki blanda trúarbrögðum og menningu saman við umræður um lög og réttindi

Trú, skoðun og menning fólks er fjölbreytt og mismunandi, en ekkert af þessu trompar lög og réttindi. Ekki gera ráð fyrir því að ákveðnir trúar- eða menningarhópar séu á móti því að trans fólk noti kyngreinda klefa.

Gestur:

„Þetta getur nú varla gengið, hvað með fólk með trúarbrögð þar sem kynin mega ekki blandast svona?“

Starfsfólk:

„Við hleypum bara konum í kvennaklefan og körlum í karlaklefan hvort sem þau eru sís eða trans, það er því ekki kynjablöndun í gangi. Það er ekki verið að traðka á trú eða menningu neins, heldur erum við að tryggja réttindi og aðgengi allra, líka trans fólks.“

Gestur:

„Varla vill heittrúað fólk vera í klefa með trans fólk!“

Starfsfólk:

„Ég get ekki svarað fyrir trúað fólk enda er það stór hópur með margar ólíkar skoðanir. Það er auðvitað þannig að sumt trans fólk er trúað. Eitt útilokar ekki annað.“

#5

do not mix religion or culture with discussions on laws and rights

People have diverse religions, beliefs and cultures; however, none of them are above laws and rights. Do not assume that certain religions or cultures are automatically prejudiced towards trans people using gendered spaces.

Guest:

“Surely this cannot work, what about people whose religion says that different genders can't mix?”

Staff:

“We only allow women into the women's changing rooms and men into the men's, regardless of whether they are trans or cis, so there is no mixing of genders. We are not excluding people's religions or cultures, we are ensuring rights and accessibility for everyone, including trans people.”

Guest:

“But very religious people probably don't want to share changing rooms with trans people.”

Staff:

“I cannot answer for religious people, who are a large and diverse group with many views. There are of course some trans people who are religious; one does not exclude the other.”



**EF YKKUR BERST FYRIRSPURN
EÐA KVÖRTUN Í GEGNUM
TÖLVUPÓST UM HVORT OG AF
HVERJU TRANS FÓLK MÁ NOTA**

**KYNGREIND RÝMI ER HÆGT AÐ
STYÐJAST VIÐ EFTIRFARANDI
SVARBRÉF:**

Góðan dag

Takk fyrir fyrirspurnina.

Við fylgjum lögum nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Lög um kynrænt sjálfræði heimila fólki að skilgreina kyn sitt, nýta sér rými og þjónustu í samræmi við kynvitund. Einstaklingar þurfa því ekki að undirgangast aðgerðir eða breyta lagalegri skráningu til að njóta sömu réttinda og annað fólk. Í mannréttindastefnunni kemur fram að óheimilt sé að mismuna fólki vegna kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna. Þar af leiðandi getur trans fólk nýtt sér kyngreind rými óháð því hvernig líkamar þeirra eru, og hafa haft þann lagalega rétt síðan 2012 þegar fyrstu lög um réttindi trans fólks tóku gildi.

Sérklefar eru í boði fyrir alla gesti, en það er engum skylt að nota þá. Þeir hafa þó komið mörgu trans fólki til góða sem hefur kosið að nota þá.

Það er okkur mjög mikilvægt að öllum gestum líði vel í sundi/íþróttum. Í Reykjavík býr alls konar fólk sem hefur ólíkar þarfir og líkama. Við reynum að mæta þörfum allra og horfum um leið til ofangreindra laga og mannréttindastefnunnar.

Kveðja,

xxx

**IF YOU RECEIVE QUESTIONS
OR COMPLAINTS THROUGH
EMAIL ABOUT WHETHER OR
WHY TRANS PEOPLE CAN**

**USE GENDER-SEGREGATED
SPACES, YOU CAN USE
THIS RESPONSE TO HELP
FORMULATE YOUR ANSWER:**

Dear xxx

Thank you for your email.


We comply with the Gender Autonomy Act (80/2019) and the Human Rights Policy of Reykjavík City. The Gender Autonomy Act states clearly that people are allowed to live their lives and use spaces and services in accordance with their gender identity, and do not need to undergo gender affirming surgery to be afforded the same rights as other people. The Human Rights Policy states that people cannot be discriminated against based on their sexual orientation, gender identity, gender expression or sex characteristics. This means that trans people can use gender-segregated spaces regardless of what their bodies are like.

Private changing rooms are available for all guests, but no one is obligated to use them. They have however been valuable for trans people that have chosen to use them.

It is important to us that everyone feels welcome and comfortable using our facilities. Reykjavík is a diverse community, made up of people with various needs and bodies. We try to meet people's needs to the best of our ability, while also following the aforementioned law and Human Rights Policy.

Kind regards,

xxx



Hvað segja lög og stefnur?

Lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði kveða á um að fólk njóti óskoraðs réttar til að skilgreina kyn sitt, fá viðurkenningu á kyni sínu, kynvitund og kyntjáningu, þroska persónuleika sinn í samræmi við kynvitund og til líkamlegrar friðhelgi. Trans fólk hefur því rétt á að nýta sér kynjuð rými og þjónustu í samræmi við kynvitund líkt og annað fólk, burtséð frá kynskráningu og því hvort þau hafa undirgengist kynstaðfestandi aðgerðir.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar segir að óheimilt sé að mismuna fólk vegna kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna. Kynvitund og kyntjáning eru einmitt þeir þættir sem eiga oftast við þegar rætt er um stöðu trans fólks, ásamt kyneinkennum, t.d. í samhengi við búning sklefa. Með kynvitund er átt við innri upplifun fólks af eigin kyni, og kynvitund hefur ekki með

útlit eða kyneinkenni líkt og kynfæri að gera, heldur upplifun fólks af sínu kyni. Með kyntjáningu er átt við hvernig fólk tjáir kyn sitt, t.d. með klæðnaði, háttalagi, félagshegðun og fleiri þáttum, en fólk getur verið með alls konar kyntjáningu óháð kynvitund sinni og kyneinkennum. Kyneinkenni koma oft við sögu þegar rætt er um stöðu intersex fólks, en intersex fólk fæðist með svokölluð ódæmigerð kyneinkenni sem þýðir að líkamar þeirra falla ekki í tvískiptar flokkanir á karlkyni og kvenkyni. Intersex fólk á rétt á því að nota kyngreind rými í takti við kynvitund sína, rétt eins og annað fólk.



What do laws and policies say?

The Gender Autonomy Act (80/2019) states that people have an unequivocal right to determine their own gender. They have a right for their gender, identity and expression to be recognised, to develop their sense of self in accordance with their gender identity, and the right to bodily autonomy. Trans people therefore have a right to use gendered spaces and services in accordance with their gender identity regardless of legal registrations and whether or not they have undergone gender affirming surgeries.

The Human Rights Policy of Reykjavík City states that people cannot be discriminated against based on their sexual orientation, gender identity, gender expression or sex characteristics. Gender identity and gender expression often come into play when the rights of trans people are discussed, along with

sex characteristics, e.g. in the context of changing rooms. Gender identity refers to a person's inner experience of their gender, and gender expression is how a person expresses their gender, e.g. through clothing, hair, movement, speech and so on. People express their gender in many different ways regardless of their gender identity and sex characteristics. Sex characteristics are also discussed in relation to intersex people, but intersex people are born with atypical sex characteristics that cannot be categorised into binary definitions of male and female. Intersex people have the right to use gendered spaces and facilities according to their gender identity, just like everyone else.



Texti: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar
Content: Human Rights Office of Reykjavík

Hönnun/Design: Hunang-Sigrún Sigvaldadóttir
Útgefandi/Publisher: Reykjavíkurborg 2026